

Auglýsing um friðlýsingu Kirkjugólfs á Kirkjubæjarklaustri.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga um náttúruvernd nr. 47/1971 hefur [Umhverfisstofnun] ákveðið fyrir sitt leyti að friðlýsa sem náttúruvætti Kirkjugólf á Kirkjubæjarklaustri, Kirkjubæjarhreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.

Mörk náttúruvættisins
miðast við 10 m breiða spildu umhverfis Kirkjugólf.

Um náttúruvættið gilda eftirfarandi reglur:

1. Gangandi fólki er heimil för um svæðið eftir merktri gönguleið að náttúruvættinu.
2. Öll umferð vélknúinna ökutækja um svæðið er bönnuð nema á túnum.
3. Hefðbundin nýting túna er heimil.
4. Öll mannvirkjagerð, efnistaka og röskun á jarðmyndunum er bönnuð.
5. Óheimilt er að tjalda innan marka náttúruvættisins.

Á jaðarsvæði er öll mannvirkjagerð og breyting á landnotkun óheimil, nema til komi leyfi [Umhverfisstofnunar].

Til undanþágu frá reglum þessum þarf leyfi [Umhverfisstofnunar] eða þess, sem fer með umboð [stofnunarinnar].

Um viðurlög vegna brota á reglum þessum fer eftir ákvæðum náttúruverndarlaga.

Ráðuneytið er samþykkt friðlýsingunni, sem tekur gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 2. september 1987.

Birgir Ísl. Gunnarsson.

Runólfur Þórarinnsson